

## **Kafli 5.2 – Lagskipting samfélagsins: fyrri hluti**

### **Spurningar úr efni bls. 125-128.**

1. Hvað er átt við með félagslegri lagskiptingu?
2. Hvaða þættir eru það sem einkenna helstu félagshópana í samfélaginu sem búa við mismunandi réttindi í samfélaginu?
3. Hvað er lokuð lagskipting?
4. Hvað er erfðastétt (erfðastéttakerfi)?
5. Hvers vegna er oft krafa um innvensl í erfðastéttakerfi?
6. Hvernig er stéttakerfi Hindúa?
7. Hvað einkennir opna lagskiptingu?
8. Hvað er félagslegur hreyfanleiki?
9. Hvað er láréttur hreyfanleiki?
10. Hvað er lóðréttur hreyfanleiki?
11. Hvað er félagslegur hreyfanleiki milli kynslóða?
12. Hvað er félagslegur hreyfanleiki innan kynslóðar?
13. Hvaða þættir geta haft áhrif á félagslegan hreyfanleika?
14. (Hópverkefni) Á bls. 127 er frétt um stéttaskiptingu í Bretlandi. Hvað er aðalinntakið í fréttinni um stéttaskiptingu þar í landi? Má heimfæra þessa frétt upp á Ísland? Er Ísland e.t.v. stéttlaust samfélag? Er eitthvað sem bendir til mikils eða lítils félagslegs hreyfanleika á Íslandi?